

99

27. júní

AUGLÝSING

um staðfestingu á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

	Staðfest:
126. Skeiðahrepps, Árnessýslu	20. júní 1957.
127. Hraunhrepps, Mýrasýslu	20. — 1957.
128. Eyrarhrepps, N.-Ísafjarðarsýslu	20. — 1957.
129. Súðavíkurrepps, N.-Ísafjarðarsýslu	20. — 1957.
130. Grunnavíkurrepps, N.-Ísafjarðarsýslu	20. — 1957.
131. Staðarhrepps, V.-Húnavatnssýslu	20. — 1957.
132. Rípurhrepps, Skagafjarðarsýslu	20. — 1957.
133. Hríseyjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu	20. — 1957.
134. Grimseyjarhrepps, Eyjafjarðarsýslu	20. — 1957.
135. Mjóafjarðarhrepps, S.-Múlasýslu	20. — 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 27. júní 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

100

29. júní

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Hafnarfirði og um ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga í Hafnarfirði skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Hafnarfjarðar, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 200 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga í Hafnarfirði skv. nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Meðan leigubifreiðar eru fleiri en sem svarar einni á hverja 200 íbúa, skal ekki veita ný leyfi.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis, er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 200 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framansögðu.

2. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu allir þeir, sem 15. apríl 1957 höfðu afgreiðslu hjá bifreiðastöð í Hafnarfirði, halda leyfi sínu, ef þeir eru meðlimir Bifreiðastjórafélagsins Neista, enda hafi þeir sótt um atvinnuleyfi til stjórnar Bifreiðastjórafélagsins Neista innan eins mánaðar frá gildistöku reglugerðar þessarar, ella fellur réttur þeirra til leyfisins niður.